

## HRÓKUR 15023

(1638991-0983)



Frá Stóru-Hildisey 2, Landeyjum

Fæddur 24. maí 2015

Ræktandi Jóhann Nikulásson

### FÖÐURÆTT

F **Sandur 07014**  
 Ff Glanni 98026  
 Fm Jóna 654, Skeiðháholti 1  
 Fff Almar 90019  
 Ffm Randy 124, Stóra-Ármót  
 Fmf Sproti 95036  
 Fmm Selja 294, Skeiðháholti 1

### MÓÐURÆTT

M Auðlind 694  
 Mf Bambi 08049  
 Mm Ferna 563  
 Mff Laski 00010  
 Mfm Stáss 319, Dæli  
 Mmf Kambur 06022  
 Mmm Ferna 151 frá Akbraut

### LÝSING/UMSÖGN

Dökkkolskjöldóttur með lauf í enni, kollóttur. Boldjúpur og sterkbyggður gripur með meðal-útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Meðalbreiðar malir, aðeins hallandi og þaklaga. Sterkleg fótstaða, nokkuð bein en örflítið náin um hækla. Fremur háfættur og ræktarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 744 g/dag.

### UMSÖGN UM MÓÐUR

Auðlind 694 er fædd í desember 2010. Rauðskjöldótt, kollótt. Í júlilok 2016 var hún búin að mjólka í 3,6 ár, að meðaltali 8.445 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,66% sem gefur 309 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,76% sem gefur 402 kg af mjólkurfitu eða 711 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 8.

Ábendingar v/skyldleika: Hrók ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Glanna 98026 eða Bamba 08049. Hrókur er nokkuð skyldur afkomendum Almars 90019, Sproti 95036, Laska 00010 og Kambs 06022.

Nafn og nr. móður: **Auðlind 694**

#### KYNNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
133	115	122	122	99

#### ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
87	18	17	17	5

## SVAMPUR 15027

(1256561-0613)



Frá Bakka, Kjalarnesi

Fæddur 24. júní 2015

Ræktendur Ásthildur og Birgir

### FÖÐURÆTT

F **Bambi 08049**  
 Ff Laski 00010  
 Fm Stáss 319, Dæli  
 Fff Smellur 92028  
 Ffm Lubba 177, Dalbæ  
 Fmf Kaðall 94017  
 Fmm Svínka 178, Dæli

### MÓÐURÆTT

M Komma 379  
 Mf Skurður 02012  
 Mm Spurning 196  
 Mff Kaðall 94017  
 Mfm Lífgjöf 140, Stóru-Mörk  
 Mmf Þollur 99008  
 Mmm Spurn 170

### LÝSING/UMSÖGN

Brandleistöttur, kollóttur. Sterklegur gripur með meðal góðar útlögur, boldjúpur með nokkuð beina yfirlínu. Meðalbreiðar, þaklaga og eilítið hallandi malir. Fótstaða bein, rétt og ákaflega sterkleg. Meðalháfættur myndargripur. Meðalvaxtarhraði 785 g/dag.

### UMSÖGN UM MÓÐUR

Komma 379 er fædd í mars 2009. Rauð, kollótt. Í ágústlok 2016 var hún búin að mjólka í 4,9 ár, að meðaltali 7.111 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,49% sem gefur 248 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,16% sem gefur 296 kg af mjólkurfitu eða 544 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 5.

Ábendingar v/skyldleika: Svamp ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Laska 00010, Kaðals 94017 eða Skurðs 02012. Svampur er nokkuð skyldur afkomendum Smells 92028 og Þolls 99008.

Nafn og nr. móður: **Komma 379**

#### KYNNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
106	105	112	105	103

#### ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
86	17	18	17	5

## HRÓAR 15028

(1571521-0836)



Frá Hallfreðarstöðum 2, Hróarstungu  
Fæddur 23. júlí 2015  
Ræktandi Félagsbúið

### FÖÐURÆTT

F **Flekkur 08029**  
Ff Náttfari 00035  
Fm Flekka 190, Sauðhúsvelli  
Fff Smellur 92028  
Ffm Góðanótt 165, Vorsabæ  
Fmf Kaðall 94017  
Fmm Húfa 141, Sauðhúsvelli

### MÓÐURÆTT

M Elva Dögg 641  
Mf Stássi 04024  
Mm Skessa 441  
Mff Stígur 97010  
Mfm Stássa 304, Sýðri-Bægisá  
Mmf Leistur 06006  
Mmm Tinna 314

### LÝSING/UMSÖGN

Dökkbrandhuppóttur með hvítt á kvið og í hala, kollóttur. Í meðallagi boldjúpur, útlögumikill með beina yfirlínu. Fremur grannar, beinar og aðeins þaklaga malir. Rétt, bein og sterkleg fótstaða. Háfættur og ræktarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 721 g/dag.

### UMSÖGN UM MÓÐUR

Elva Dögg 641 er fædd í desember 2011. Svartkrossótt, kollótt. Í ágústlok 2016 var hún búin að mjólka í 2,2 ár, að meðaltali 6.480 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,36% sem gefur 218 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,96% sem gefur 257 kg af mjólkurfitu eða 475 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 6.

Ábendingar v/skyldleika: Hróar ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Náttfara 00035 eða Stássa 04024. Hróar er nokkuð skyldur afkomendum Smells 92028, Kaðals 94017, Stígs 97010 og Leists 06006.

Nafn og nr. móður: **Elva Dögg 641**

### KYNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
106	105	112	105	103

### ÚTLITSDÓMUR (línulegt mat – meðaltal eiginleika) besta gildi í sviga við fyrirsögn

Stig alls (100)	Júgur (8,0)	Spenar (5,2)	Mjaltir (8)	Skapgerð (9)
83,7	7,0	5,0	6	6

## ÁBÓTI 15029

(1668271-0817)



Frá Skipholti 3, Hrunamannahreppi  
Fæddur 31. júlí 2015  
Ræktendur Bjarni Valur og Gyða

### FÖÐURÆTT

F **Bambi 08049**  
Ff Laski 00010  
Fm Stáss 319, Dæli  
Fff Smellur 92028  
Ffm Lubba 177, Dalbæ  
Fmf Kaðall 94017  
Fmm Svínka 178, Dæli

### MÓÐURÆTT

M Abbadís 469  
Mf Þollur 99008  
Mm Abbadís 345  
Mff Skjöldur 91022  
Mfm Grautargerð 346 Þverlæk  
Mmf Kaðall 94017  
Mmm Abbadís 317

### LÝSING/UMSÖGN

Branddílóttur, kollóttur. Boldjúpur með góðar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Fremur grannar malir, beinar en þaklaga. Eilítið hokin en annars rétt og sterkleg fótstaða. Í góðu meðallagi háfættur og vel gerður gripur. Meðalvaxtarhraði 843 g/dag.

### UMSÖGN UM MÓÐUR

Abbadís 469 er fædd í júlí 2007. Ljósrauð-skjöldótt, kollótt. Í júlílok 2016 var hún búin að mjólka í 6,9 ár, að meðaltali 7.380 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,39% sem gefur 250 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,25% sem gefur 314 kg af mjólkurfitu eða 564 kg af verðefnum á ári að jafnaði. Línulegt mat fyrir hæð = 5.

Ábendingar v/skyldleika: Ábóta ætti ekki að nota á dætur eða sonardætur Laska 00010 eða Þolls 99008. Ábóti er nokkuð skyldur afkomendum Skjaldar 91022, Smells 92028 og Kaðals 94017.

Nafn og nr. móður: **Abbadís 469**

### KYNBÓTAMAT

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
111	96	104	106	92

### ÚTLITSDÓMUR

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
86	16	18	18	5